

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar  
Fjármála- og áhættustýringarsvið  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík  
sent rafrænt á [utbod@reykjavik.is](mailto:utbod@reykjavik.is)  
og [unnur.oskarsdottir@reykjavik.is](mailto:unnur.oskarsdottir@reykjavik.is)

Reykjavík, 23. maí 2021

**Efni: Athugasemdir við höfnun tilboðs - Útboð nr. 15175 „Gangstéttaviðgerðir 2021“**

Til skrifstofu minnar hefur leitað Annora Kolbrún Roberts, kt. 160854-0069, fyrir hönd Vörðubergs ehf., kt. 571212-3230, Naustabryggju 54, 110 Reykjavík. Þann 30. apríl sl. skilaði Vörðuberg ehf. inn tilboði og fylgigögnum vegna verksins „Gangstéttaviðgerðir 2021“, þar sem tilboðsupphæð var kr. 92.452.054 með virðisaukaskatti. Annora Kolbrún undirritaði tilboðið fyrir hönd félagsins, enda er hún eini prókúruhafi, stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og hluthafi félagsins og því ein hæf til að skuldbinda félagið með þessum hætti.

Þann 4. maí 2021 voru tilboð í framangreint verk opnuð og kom þar í ljós að umbjóðandi minn átti lægsta boð. Næst lægsta boð átti félagið Sumargarðar ehf. Tilboð Sumargarða ehf. nam kr. 136.803.337 eða liðlega 44,3 milljónum króna meira en boð umbjóðanda míns.

Með tölvupósti til Annoru Kolbrúnar dags. 20. maí sl. tilkynnti Unnur Óskarsdóttir, starfsmaður Reykjavíkurborgar, að Innkaupa- og framkvæmdaráð hefði samþykkt á fundi sínum þann sama dag að ganga að tilboði Sumargarða ehf., sem var sagt hafa átt lægsta gilda tilboð í útboðinu. Í póstinum kom jafnframt fram að tilboði umbjóðanda míns hefði verið hafnað „þar sem ekki eru liðin 5 ár frá endanlegum dómi á eiganda fyrirtækisins, er varðar sviksemi skv. ákvæði í 5. mgr. í gr. 0.4.2 í útboðsgögnum, ásamt ákvæðum í 3. og 4. tölulíð sömu greinar.“

Höfnun þessi er byggð á röngum forsendum og er að mati umbjóðanda míns augljóst að kaupanda ber að endurskoða hana og meta tilboð umbjóðanda míns gilt. Fyrir hönd umbjóðanda míns mun ég hér í framhaldi gera stutta grein fyrir því hvernig eignarhaldi á umbjóðanda mínum er háttað og rekja þau sjónarmið sem umbjóðandi minn byggir á í máli þessu.

Þann 15. desember 2020 seldi Rafn Sveinsson, fyrrum eigandi umbjóðanda míns, Annoru Kolbrúnu Roberts allan eignarhlut sinn í Vörðubergi ehf., samtals 500.000 hluti sem er allt útgefið hlutafé í félaginu. Þessu til staðfestingar fylgir bréfi þessu tölvupóstur frá Júlíönu Gísladóttur, viðskiptafræðingi, sem hefur séð um bókhald og gerð ársreikninga fyrir Vörðuberg ehf. (sjá fskj. 1). Í póstinum er staðfest að upplýsingar í nýjasta ársreikningi félagsins, vegna ársins 2019, endurspegli ekki núverandi eignarhald á félaginu.

Fyrir liggur að ákvörðun Innkaupa- og framkvæmdaráðs byggðist á röngum upplýsingum um eignarhald félagsins, enda hefur áðurnefnd Unnur Óskarsdóttir staðfest að byggt hafi verið á þeim upplýsingum sem skráðar eru hjá Creditinfo. Hjá Creditinfo kemur fram að Rafn Sveinsson sé eigandi 100% hlutafjár í félaginu (sjá fskj. 2). Þar kemur jafnframt fram að þær upplýsingar um eignarhald byggist á ársreikningi félagsins fyrir árið 2019. Aftur á móti kemur jafnframt fram á vef Creditinfo að raunverulegur eigandi félagsins samkvæmt fyrirtækjaskrá sé Annora Kolbrún Roberts. Sé félaginu flett upp hjá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra eru upplýsingar um eignarhald réttar, þ.e.a.s. upplýsingar um raunverulegan eiganda félagsins (sjá fskj. 3). Samkvæmt lögum nr. 82/2019 er umbjóðandi minn skráningarskyldur aðili og ber sem slíkum að veita ríkisskattstjóra upplýsingar um raunverulega eigendur félagsins eins og þeir eru skilgreindir í lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna ber skráningarskyldum aðila að tilkynna ríkisskattstjóra innan tveggja vikna um allar breytingar sem varða skráningu, þ.á m. um raunverulega eigendur. Þetta gerði umbjóðandi minn í kjölfar þess að framangreind viðskipti áttu sér stað. Innkaupa- og framkvæmdaráði mátti vera ljóst að sú skráning Creditinfo, sem byggðist á ársreikningi fyrir árið 2019, endurspegladi ekki raunverulegt eignarhald félagsins og mátti treysta því að skráning hjá ríkisskattstjóra væri rétt skráning, enda er þar um að ræða opinbera skráningu en á sama tíma hafa upplýsingar á vefsvæði Creditinfo ekkert formlegt gildi.

Hvorki Vörðuberg ehf. né Annora Kolbrún Roberts hafa nokkurn tímann gerst sek um sviksemi eða verið dæmd fyrir slíkt. Því á 5. mgr. greinar 0.4.2. í útboðsgögnum ekki við um félagið eða eiganda og stjórnanda þess. Vörðuberg hefur þar að auki hvorki verið fundið sekt um refsivert brot í starfi með endanlegum dómi né sýnt af sér alvarlega vanrækslu í starfi sem kaupanda er unnt að sýna fram á, eins og áskilið er í 3. og 4. tölulið 6. mgr. greinar 0.4.2 í útboðsgögnum. Ákvörðun Innkaupa- og framkvæmdaráðs um að meta tilboð umbjóðanda míns ógilt er því hvorki í samræmi við útboðsskilmála eða þau lög og þær reglur sem útboð nr. 15175 byggðist á. Verður því að líta svo á að umbjóðandi minn hafi skilað inn gildu tilboði, sem Innkaupa- og framkvæmdaráði hafi borið að taka til meðferðar.


Þar sem tilboð umbjóðanda míns var samkvæmt framangreindu gilt byggir umbjóðandi minn á að Innkaupa- og framkvæmdaráði hafi borið að samþykkja að ganga að tilboði umbjóðanda míns, enda var tilboð umbjóðanda míns lægst. Umbjóðandi minn byggir á því að 79. gr. laga nr. 120/2016 leiði til þess að kaupanda hafi borið að velja tilboð umbjóðanda míns. Jafnframt

byggir umbjóðandi minn á að kafli 2.7 í ÍST 30:2012 og grein 0.4.6 í útboðsgögnum leiði til sömu niðurstöðu, þ.e. að tilboð umbjóðanda míns hafi verið lægst og hagkvæmast og því hafi borið að taka tilboði hans. Hafi Innkaupa- og framkvæmdaráð ætlað að hafna öllum tilboðum hefði þurft að sýna fram á málefnalegar ástæður til slíks, sbr. 2. mgr. 83. gr. laga nr. 120/2016.

Á grundvelli alls framangreinds krefst umbjóðandi minn þess að Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar endurskoði höfnun sína á tilboði umbjóðanda míns í útboði nr. 15175 „Gangstéttaviðgerðir 2021“. Jafnframt krefst umbjóðandi minn þess að Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar samþykki tilboð umbjóðanda míns í útboðinu, enda er þar um að ræða lægsta tilboðið. Verði ekki fallist á kröfur umbjóðanda míns áskilur hann allan rétt til að skjóta málinu til kærunefndar útboðsmála og áskilur sér jafnframt rétt til að beina bótakröfu að kaupanda vegna þess tjóns sem umbjóðandi minn verður fyrir ef kaupandi endurskoðar ekki ólögmeta höfnun sína á tilboði umbjóðanda míns.

Virðingarfyllst,

f.h. Vörðubergs ehf.



Gestur Gunnarsson lögmaður

Bréfi þessu fylgja eftirfarandi fylgiskjöl:

1. Tölvupóstur Júlíönu Gísladóttur til Gestis Gunnarssonar, dags. 21. maí 2021.
2. Yfirlit yfir hluthafa Vörðubergs ehf., sótt á vef Creditinfo þann 21. maí 2021.
3. Upplýsingar um skráningu Vörðubergs ehf. hjá fyrirtækjaskrá, sótt á vefsvæðinu <https://www.skatturinn.is/fyrirtaekjaskra/leit/kennitala/5712123230> þann 21. maí 2021.